

## GJALDSKRÁ

### fyrir söfnun og eyðingu sorps í Kjósarhreppi.

## 1. gr.

Kjósarhreppur mun á árinu 2007 innheimta gjald fyrir sorphirðu í sveitarfélaginu eins og nánar er kveðið á um í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Gjaldið miðast við stærð íláta og tæmingu á minnst tveggja vikna fresti.

## 3. gr.

Árið 2007 verður sorphirðugjald sem hér segir:

Flokkar:	Sorpgjald kr.	Grunngj. kr.	Álagning, samtals kr.
A1. Sorpgjald 240 l	11.300	2.200	13.500
A2. Sorpgjald 360 l	13.500	2.200	15.700
A3. Sorpgjald 660 l	20.000	2.200	22.200
B. Sumarhús	1.950	2.200	4.150
C. Rekstur	10.000	2.200	12.200

## 4. gr.

Allir skráðir íbúða- og sumarhúsaeigendur greiða grunngjald óháð stærð íláta.

Íbúðaeigendur geta valið stærð íláta. Kjósi íbúðaeigendur að nota ílát sameiginlega þá skiptist gjaldið hlutfallslega á milli viðkomandi íbúðarhafa.

## 5. gr.

Sorphirðugjald skal álagt og innheimt með fasteignaskatti og öðrum fasteignagjöldum og nýtur gjaldið lögveðs í fasteign þeirri, sem það er lagt á sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi hreppsnefndar Kjósarhrepps þann 1. febrúar 2007 sbr. heimild í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi, nr. 30/2007, sbr. einnig lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og tekur gildi við birtingu.

*Kjósarhreppi, 14. febrúar 2007.*

**Sigurbjörn Hjaltason** oddviti.

B-deild – Útgáfud.: 16. mars 2007